



Umhverfis- og samfélagsstefna Byggðastofnunar

Byggðastofnun hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann hátt leggur Byggðastofnun sitt af mörkum til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.

Umhverfis- og samfélagsstefnan og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Byggðastofnunar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð. Stefnan tekur til allrar starfsemi Byggðastofnunar þ.m.t. kaffistofu og ræstinga, innkaup, vinnuumhverfi, notkun auðlinda og meðferð efna og úrgangs og á einnig við um lánstarfsemi stofnunarinnar.

Samþykkt stefna ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup og rafræna stjórnsýslu á einnig við um Byggðastofnun en það skiptir miklu máli í framkvæmd umhverfis- og samfélagsstefnunnar.

Stjórnarráð Íslands fylgir lögum og reglum um umhverfismál í starfsemi sinni og af því tekur Byggðastofnun mið af. Forstjóri og forstöðumenn eru ábyrgir fyrir framkvæmd stefnunnar. Allt starfsfólk Byggðastofnunar framfylgir umhverfis- og samfélagsstefnunni og hefur hana að leiðarljósi í störfum sínum. Sérhver starfsmaður sýnir gott fordæmi og leggur sitt af mörkum í þágu umhverfisverndar, samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærrar þróunar.

Umhverfis- og samfélagsstefnan skiptist í tvo hluta. Annars vegar það sem snýr að rekstri stofnunarinnar sjálfar og innviðum og hins vegar mati á umhverfis- og samfélagslegum áhrifum verkefna sem lánað er til.

Markmið

1. Að hafa sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu starfi Byggðastofnunar.
2. Að úrbætur í rekstri og þjónustu taki mið af því að minnka umhverfisáhrif.
3. Að halda auðlinda- og efnanotkun í lágmarki og dregið úr mengun eins og kostur er.
4. Að vinna stöðugt að því að draga úr úrgangi og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu hans.
5. Að efla vistvænar samgöngur í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.
6. Að við ákvörðun um lánveitingar stofnunarinnar sé tekið tillit til umhverfis- og samfélagsáhrifa.

Aðgerðir í rekstri stofnunarinnar:

Aðföng

1. Velja skal umhverfismerktar vörur í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup og nota rammisamning Ríkiskaupa.
2. Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Ef vörur eða þjónusta eru sambærilegar að öðru leyti ber að velja þann kost sem telst síður skaðlegur umhverfinu.



3. Draga úr notkun einnota aðfanga, s.s. einnota borðbúnaðar og óparfa umbúða.

Rekstur og viðhald

1. Við rekstur og viðhald bygginga og lóða á vegum Byggðastofnunar skal leitast við að velja vistvæna kosti hverju sinni s.s. málningarvörur, ljósaperur, garðaúðun, áburð o.fl.
2. Upplýsa skal verktaka um stefnu Byggðastofnunar í umhverfismálum og gera kröfur um að þeir fylgi henni eftir.
3. Allur tölvu- og skrifstofubúnaður skal vera með viðeigandi umhverfis- og orkusparandi merkingar.

Nýting orkuauðlinda

1. Fara skal sparlega með vatn og orkuauðlindir, t.d. láta vatn ekki renna að óþörfu, slökkva á rafmagnstækjum og ljósum í lok vinnudags eða þegar ekki er nauðsynlegt að hafa kveikt.

Efnanotkun

1. Fara sparlega með efni og efnavörur, t.d. við uppvott og ræstingar.
2. Allar ræstivörur sem notaðar eru í Byggðastofnun skulu vera merktar með viðurkenndu umhverfismerki, s.s. Norræna svaninum, Evrópublóminu eða Bra Miljöval.

Endurnýting og meðferð úrgangs

1. Flokka og ganga frá úrgangi í samræmi við leiðbeiningar samkvæmt flokkunarkerfi þjónustufyrirtækis og sveitarfélagsins Skagafjarðar.
2. Stöðugt skal draga úr pappírnotkun, m.a. með því að prenta báðum megin á blöðin og gæta þess að prenta hvorki né ljósrita að óþörfu.
3. Öllum spilliefnum skal fargað á viðeigandi hátt, s.s. rafhlöðum, prenthylkjum, ljósaperum og málningarvörum.
4. Öllum öðrum úrgangi skal fargað á viðeigandi hátt.

Samgöngur

1. Leitast skal við að velja umhverfisvænar leiðir í samgöngum þegar ferðast er á vegum Byggðastofnunar, t.d. óska eftir vistvænum bílum hjá leigubílastöðvum, samnýta leigubíla og bíla stofnunarinnar.
2. Leitast skal við að halda fjarfundi eftir því sem kostur er.
3. Við kaup á bifreiðum fyrir ráðuneytin skal velja sparneytin og vistvæn ökutæki.

Umhverfisvísar og fræðsla

1. Byggðastofnun heldur yfirlit yfir helstu „grænu“ lykiltölur í rekstri og skrái og vaktar árangurinn með það að markmiði að stuðla að betri nýtingu auðlinda, að draga úr soun hráefna og auka endurnýtingu og endurvinnslu. Dæmi: pappírnotkun, orkunotkun, efnanotkun og magn sorps.
2. Starfsfólk Byggðastofnunar fær reglulega fræðslu um umhverfismál.



Mat á umhverfis – og samfélagslegum áhrifum verkefna sem lánað er til.

Í samræmi við stefnu Byggðastofnunar í umhverfismálum fylgir stofnunin reglum hvað varðar sjálfbærni umhverfis og veitir langtíma lán til verkefna sem styrkja samkeppnishæfni landsins og styður við umhverfið.

Þessi stefna tekur yfir umhverfis- og samfélagslega þætti hvað varðar sjálfbæra þróun. Byggðastofnun gerir sér grein fyrir ábyrgð sinni í umhverfismálum og að sjálfbærni er eitt af aðal forgangsmálum í starfsemi stofnunarinnar. Með því að fylgja stefnu stofnunarinnar um sjálfbærni eykur stofnunin á forspá, gagnsæi og áreiðanleika verkefna. Stofnunin gerir sér grein fyrir því að með því að taka inn í myndina umhverfisáhrif og samfélagsleg áhrif er partur af góðum viðskiptaháttum og styður við sjálfbærni umhverfisins. Byggðastofnun trúir því að þessi aðferð eykur samkeppnisforskot viðskiptavina stofnunarinnar og að hagvöxtur og heilbriggt umhverfi styðji við hvort annað.

Byggðastofnun skuldbindur sig til að:

Í störfum Byggðastofnunar er stefnt að því að auka sjálfbærni á öllum sviðum þar sem við erum starfandi. Þessu er hægt að ná með því að styðja við verkefni sem hafa bein eða óbein jákvæð umhverfisleg áhrif og með því að fjármagana verkefni sem hafa mikil jákvæð umhverfisáhrif. Byggðastofnun metur öll verkefni (allar lánsúmsóknir) m.t.t. umhverfisáhrifa og samfélagslegra áhrifa á sama hátt samkvæmt umhverfisstefnu sinni og viðmiðunum.

Verkefnum sem standast ekki þessi viðmið verður hafnað. Byggðastofnun leggur að auki fram lista yfir þau verkefni sem koma alls ekki til greina að fá lán. Byggðastofnun gerir sér grein fyrir því að ekki er hægt að komast hjá öllum neikvæðum umhverfis og samfélagslegum áhrifum í öllum verkefnum en áhrifin þarf að lánmarka eins og kostur er.

Byggðastofnun lítur á heiminn sem eitt umhverfi. Mengun og útblástur eiturefna á sér ekki nein landamæri og alþjóðamælikvarðar eru mikilvægir til að takast á við svæðisbundin umhverfismál jafnt sem alþjóðleg.

Byggðastofnun leggur sérstaka áherslu á verndun viðkvæmar og einstakrar náttúru Atlantshafsins. Byggðastofnun trúir á góða mannauðsstjórnun, ber virðingu fyrir réttindum vinnuafis og að frelsi og mannréttindi séu hluti af góðum viðskiptaháttum. Stofnunin styður við jafnrétti byggt á kyni, litarhætti, þjóðerni, kynþætti, trú, fötlun, aldri eða kynhneigð. Byggðastofnun fer fram á það að viðskiptavinir stofnunarinnar fari eftir alþjóðareglum hvað varðar atvinnu barna og unglunga. Notkun nauðugs vinnuafis er ekki samræmanlegt reglum stofnunarinnar. Heilbrigðir stjórnunarhættir vinnuafis og samfélaga, öryggi og heilbrigði er grundvöllur framleiðni og hagkvæmni fyrirtækja, jafnt sem virðing fyrir lífsviðurværi þeirra.

Gagnsæi, áreiðanleiki og heiðarleiki eru lykil atriði til að ná fram sjálfbærri þróun. Byggðastofnun einsetur sér heiðarleika og góða stjórnunarhætti í öllum verkefnum og að stuðla að opnu ferli við alla hagsmunaaðila. Stofnuninni er jafnframt skylt að fara að lögum og reglum og er skuldbundin siðareglum sínum og að koma í veg fyrir svik og spillingu í öllum sínum verkum.

Byggðastofnunin skuldbindur sig að auki til að gera úrbætur til langframa í öllum rekstri í umhverfismálum og að taka upp bestu mögulegar aðgerðir í þeim efnum s.s. orku- og auðlindasparnaði, minnka úrgang og auka endurvinnslu, í starfsmannamálum s.s.



varðandi jafnréttismál, samræmi vinnu og einkalífs, heilbrigði starfsfólks og öryggi. Stofnunin mun vinna statt og stöðugt að því að bæta umhverfisstjórnunarkerfi og að fjölga aðkomu að verkefnum sem hafa jákvæð umhverfisleg áhrif.

Lög um umhverfismat

Samkvæmt lögum no. 106/2000 eru framkvæmdir sem flokkast undir A – flokk í 1. viðauka alltaf háðar mati á umhverfisáhrifum. Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmda sem falla undir A- flokk 1. viðauka fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um mat á umhverfisáhrifum þeirra, sbr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Ef framkvæmd sem tilgreind er í B- eða C-flokki í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er talin matsskyld eru umhverfisáhrif hennar metin með sama hætti og umhverfisáhrif framkvæmda sem tilgreindar eru í A- flokki 1. viðauka. Ekki er heimilt að veita leyfi fyrir þessum framkvæmdum áður en tekin hefur verið ákvörðun um matsskyldu þeirra. Í B- og C- flokkum 1. viðauka eru taldar upp framkvæmdir sem **kunna að vera matsskyldar** en eru það ekki skilyrðislaust. Framkvæmdaraðila ber að senda skriflega tilkynningu til Skipulagsstofnunar um fyrirhugaða framkvæmd sem fellur undir B- flokk 1. viðauka eða ef um er að ræða framkvæmd sem fellur undir C- flokk en er ekki háð byggingar-eða framkvæmdaleyfi sveitarstjórna. Framkvæmdaraðila ber að senda skriflega tilkynningu til viðkomandi sveitarfélags um fyrirhugaða framkvæmd sem fellur undir C- flokk og er háð byggingar-eða framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.



Umhverfis- og samfélagsgreiningar lánsúmsókna

Eftirfarandi listi skilgreinir þær framkvæmdir og verkefni sem Byggðastofnun fjármagnar **alls ekki**.

Byggðastofnun mun ekki að sér vitandi fjármagna, með beinum eða óbeinum hætti, framkvæmdir sem fela í sér eftirfarandi:

1. Athafnir sem teljast ólöglegar samkvæmt gildandi lögum á Íslandi eða alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að, eða sem lúta alþjóðlegum bönnum sem miða að afnámi í áföngum, svo sem:
 - a. Framleiðsla á eða verslun með lyf, varnarefni/jurtaeitur og önnur hættuleg efni sem lúta alþjóðlegum afnámsreglum eða bönnum¹
 - b. Framleiðsla á eða verslun með ósoneyðandi efni sem lúta alþjóðlegum afnámsreglum²
 - c. Verslun með villt dýr eða afurðir þeirra samkvæmt samningi um alþjóðaverslun með tegundir í útrýmingarhættu (CITES)³
 - d. Flutning úrgangs á milli landa sem bannaður er samkvæmt alþjóðlegum lögum⁴
 - e. Starfsemi sem ógnar líffræðilegum fjölbreytileika eða menningarsögulegum verðmætum⁵
 - f. Framleiðsla á, verslun með eða notkun á óbundnum asbest-trefjum eða vörum sem innihalda asbest
 - g. Flutning á olíu eða öðrum hættulegum efnum í tankskipum sem ekki uppfylla IMO-staðla.⁶
2. Veiðar í hafi með rekneti.
3. Framleiðsla á skotfærum, vopnum og herfarartækjum.
4. Siðferðilega umdeildar framkvæmdir sem fela í sér:
 - a. kynlífssölu og tengda innviði og þjónustu
 - b. veðmálastarfsemi og tengdan búnað
 - c. tóbak (framleiðsla, vinnsla og dreifingu).
5. Framleiðsla á eða verslun með geislavirk efni.⁷ Þetta á ekki við um lækningatæki, búnað til gæðaeftirlits (mælinga) eða búnað þar sem geislagjafi gefur frá sér óverulega geislun og/eða er tilhlýðilega varinn.

¹ Þau skjöl sem hér er vísað til eru ESB-reglugerð (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna, með breytingum; Samþættur listi S.Þ. yfir vörur sem neysla og/eða sala á hefur verið bönnuð, afturkölluð, mjög takmörkuð eða ekki viðurkennd af stjórnvöldum; Samningur um fyrirframupplýst samþykki fyrir tilteknum hættulegum efnum og varnarefnum í alþjóðaviðskiptum (Rotterdam-samningurinn); Stokkhólmssamningurinn um þrávirk lífræn efni; Flokkun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á varnarefnum eftir hættu.

² Ósoneyðandi efni: Efnasambönd sem hvarfast við og eyða ósoni í heidhvolfinu og stuðla með því að myndun gata í ósonlaginu. Í Montreal-bókuninni eru talin upp ósoneyðandi efni ásamt dagsettum markmiðum um að draga úr og hætta notkun þeirra.

³ CITES: Samningur um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna í útrýmingarhættu.

⁴ Tilvísunargögn eru: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs; OECD-ákvörðun C(2001)107/Final varðandi endurskoðun á OECD-ákvörðun C(92)39/Final um flutning úrgangs til endurnýtingar á milli landa; Basel-samningurinn frá 22. mars 1989 um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra

⁵ Viðeigandi alþjóðasamþykktir sem vísað er til eru, án takmarkana: Samningur um vernd villtra flökkudýrastofna (Bonnsamningurinn); Samningur um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningurinn); Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu (Bernarsamningurinn); Heimsminjasamningurinn; Samningur um líffræðilegan fjölbreytileika.

⁶ Til þessa teljast: Tankskip sem ekki hafa allar tilskildar MARPOL SOLAS vottanir (þ.m.t., án takmarkana, fylgni við ISM-staðalinn), tankskip sem eru á svörtum lista Evrópusambandsins eða bönnuð samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafharríkiseftirlit og tankskip sem taka á úr notkun samkvæmt MARPOL-reglugerð 13G. Ekki er leyfilegt að nota nein tankskip með einföldum byrðingi sem orðin eru eldri 25 ára.

⁷ Þar sem framleiðsla á geislavirkum efnum er meginstarfsemi.



Umhverfis- og samfélagsrýni Byggðastofnunar

Rýni á umhverfis – og samfélagslegum áhrifum lánveitinga felur í sér eftirfarandi lykilþætti:

- Flokkun, á grundvelli mats á hugsanlegum neikvæðum áhrifum framkvæmdanna
- Skilgreiningu á áhættu og áhrifum framkvæmda og fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum
- Ákvörðun viðmiða fyrir umhverfislegan og félagslegan árangur framkvæmdanna
- Mat á skuldbindingu og getu viðskiptavinar til að stýra þessum hugsanlegu áhrifum
- Staðfestingu á því að í framkvæmdunum sé tillit tekið til þess kostnaðar sem hlýst af umhverfislegum og samfélagslegum áhættuþáttum og áhrifum.

Fyrsta skrefið í rýniferlinu felst í að skilgreina matsskilyrði. Því eru allar framkvæmdir flokkaðar samkvæmt hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Flokkarnir sem taka mið af lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, eru:

- **Framkvæmdir í flokki A:** Framkvæmdir sem geta haft mjög neikvæð samfélagsleg eða umhverfisleg áhrif sem eru af margvíslegum toga, óafturkræf eða án hliðstæðu. Þessar framkvæmdir eru háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 106/2000
- **Framkvæmdir í flokki B:** Framkvæmdir sem geta haft takmörkuð, neikvæð umhverfisáhrif sem eru fá að tölu, almennt svæðisbundin, að miklu leyti afturkræf og sem spornað er gegn með mótvægisaðgerðum. Framkvæmdir í þessum flokki eru háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar, sbr. lög nr. 106/2000.
- **Framkvæmdir í flokki C:** Framkvæmdir sem hafa lítil eða engin hugsanleg umhverfisáhrif en gætu þurft að fara í gegnum umhverfismat ef þau hafa umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar sbr. lög nr. 106/2000.

Í viðauka 1 er að finna lista með dæmum um framkvæmdir í flokkum A, B og C sbr. lög nr. 106/2000.

Upplýsingaskylda um framkvæmdir

Umsækjandi um lán ber ábyrgð á því að veita Byggðastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar. Tegund upplýsinga og þörfin á þeim veltur meðal annars á flokkun framkvæmdanna.

Fyrir allar framkvæmdir skulu þær upplýsingar sem Byggðastofnun eru láttnar í té fela í sér, en ekki takmarkast við:

- Ítarlega lýsingu á framkvæmdunum



- Viðskiptavinurinn verður að sýna fram á að öll viðeigandi leyfi er varða umhverfislega og/eða samfélagslega þætti séu til staðar. Séu leyfi væntanleg þarf að sýna fram á fullnægjandi áætlun um öflun leyfa.

Auk ofangreinds:

Fyrir framkvæmdir í flokki A:

- Mat á umhverfisáhrifum frá Skipulagsstofnun

Matið á umhverfisáhrifum skal framkvæmt með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fyrir framkvæmdir í flokki A skal alltaf hafa farið fram mat á umhverfisáhrifum áður en Byggðastofnun tekur afstöðu til lánveitingar. Senda skal inn afrit af mati á umhverfisáhrifum frá Skipulagsstofnun með lánsúmsókn.

Fyrir framkvæmdir í flokki B:

- Umhverfismat sé þörf á umhverfismati eða staðfesting frá Skipulagsstofnun um að ekki sé þörf á umhverfismati.

Fyrir framkvæmdir í flokki B getur Byggðastofnun tekið afstöðu til lánveitingar áður en endanlegt mat Skipulagsstofnunar liggur fyrir, en lán mun ekki verða greitt út fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir. Umsækjandi skal upplýsa stofnunina um hvort hann hafi sótt um álit til Skipulagsstofnunar og senda Byggðastofnun eins fljótt og kostur er staðfestingu frá Skipulagsstofnun hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Komi í ljós að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum mun lán ekki verða greitt út fyrir en úrskurður Skipulagsstofnunar liggur fyrir.

Fyrir framkvæmdir í flokki C:

Fyrir framkvæmdir í flokki C sem háð er framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi tekur Byggðastofnun afstöðu til lánveitingar eins fljótt og kostur er, en lán er ekki greitt út fyrir en fyrir liggur vottorð frá byggingarfulltrúa sveitarfélags. Við útgáfu byggingavottorðs er litið svo á að sveitarfélag hafi farið að lögum um mat á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 106/2000 6.gr.4.mgr.

Framkvæmdaraðili er ábyrgur fyrir tilkynningum vegna ákvarðana um matskyldu og mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.

Byggðastofnun áskilur sér heimild til að leita álits Skipulagsstofnunar um hvort tiltekin framkvæmd falli í flokk B eða C í 1. viðauka við lög nr. 106/2000 sbr. 6. gr.8.mgr.

Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 15. apríl 2016